

Skilmálar – Kjötkompaní ehf.

Afhending vöru

Vörur eru sóttar í verslanir Kjötkompaní að Dalshrauni 13, Hafnarfirði, Grandagarði 29, Reykjavík eða Bíldshöfða 18, Reykjavík. Hægt er að óska eftir heimsendingu gegn 3.900 kr. gjaldi.

Ef óskað er eftir heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu (101, 102, 103, 104, 105, 107, 108, 109, 110, 111, 112, 113, 116, 200, 201, 203, 210, 220, 221, 225, 270, 271) eru vörurnar keyrðar út af starfsfólki Kjötkompaní og er hægt að óska eftir afhendingardagsetningu og tíma.

Ef óskað er eftir heimsendingu utan höfuðborgarsvæðisins eru vörurnar sendar með flutningsaðila og er þ.a.l. ekki hægt að lofa afhendingardagsetningu og tíma.

Sendingar eru keyrðar út milli 11:00 og 18:00 alla virka daga og laugardaga. Pantanir þurfa að berast Kjötkompaní eigi síðar en kl. 12 degi fyrir afhendingu.

Verð

Öll verð á síðunni eru í íslenskum krónum og innihalda virðisaukaskatt.

Greiðslur

Greiða þarf fyrir veitingarnar áður en veitingar eru afgreiddar og afhentar frá Kjötkompaní.

Við millifærslu skal senda greiðslukvittun á netfangið kjotkompani@kjotkompani.is. Þegar varan er sótt í verslun er hægt að greiða á staðnum með greiðslukorti.

Þegar óskað er eftir heimsendingu er eingöngu hægt að greiða í gegnum greiðslusíðu (greiðslugátt).

Skila- og endurgreiðsluréttur

Enginn skila- eða endurgreiðsluréttur er á vörunum nema komi upp galli.

Trúnaður og persónuvernd

Kjötkompaní ehf. gætir trúnaðar um þær upplýsingar sem viðskiptavinir veita í tengslum við kaup í netverslun. Persónuupplýsingar eru eingöngu notaðar til afgreiðslu pantana, afhendingar og þjónustu, auk þess sem varðveisla ákveðinna gagna kann að vera nauðsynleg vegna bókhaldsskyldu. Upplýsingum er ekki miðlað til þriðja aðila nema það sé nauðsynlegt vegna afgreiðslu pöntunar (t.d. greiðsluþjónusta eða flutningur) eða samkvæmt lögum. Nánari upplýsingar má finna í persónuverndarstefnu Kjötkompaní ehf.

Lög og varnarþing

Skilmála þessa ber að túlka samkvæmt íslenskum lögum, ef kemur upp ágreiningur milli kaupenda skal málinu vísað til íslenskra dómstóla.